



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir veitingastað; veitingahús (Kopar Restaurant) að Geirsgötu 3b, F2000232, rými 02 0101 og Geirsgötu 5b, F2000229, rými 05 0101.

Nafn leyfishafa: Kopar Restaurant ehf.

Heimilisfang: Geirsgata 3

Póstnúmer: 101

Kennitala: 540203-3850

Útgáfudagur leyfis: 3. júlí 2025

Gildir til: 3. júlí 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 3. júlí 2025


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Greinargerð með starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Kopar Restaurant að Geirsgötu 3b og 5b.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir veitingastað; tegund veitingahús, Kopar Restaurant að Geirsgötu 3b og 5b þann 30. maí sl. ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi veitingastaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 27. júní 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Kopar Restaurant ehf., kt. 54203-3850.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar veitingahúss að Geirsgötu 3b og 5b.

Umsókn Kopar Restaurant ehf., kt. 54203-3850, dags. 22. maí 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1843. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 3. júlí 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Kopar Restaurant) að Geirsgötu 3b, F2000232 rými 02-0101 og Geirsgötu 5b, F2000229, rými 05-0101. Endurnýjun á leyfi. Samþykkt var að veita ótímabundið starfsleyfi með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.

Reykjavík 8. júlí 2025